

Hálfsársuppgjör loftslagsbókhalds

Niðurstöður hálfsársuppgjörins sýna að losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækisins fyrri helming ársins nam um 23.700 tonnum CO₂-ígilda og jókst um 12% frá sama tímabili árið áður. Kolefnisbinding á vegum fyrirtækisins yfir sama tímabil var tæp 17.900 tonn CO₂-ígildi og jókst um 4% á milli ára. Kolefnisspor Landsvirkjunar, þ.e.a.s. losun gróðurhúsalofttegunda að frádraginni kolefnisbindingu, var um 5.900 tonn CO₂-ígildi og jókst um 47% á milli ára.

Aukninguna í losun gróðurhúsalofttegunda má að mestu leyti rekja til aukinnar raforkuvinnslu frá jarðvarmastöðvum fyrirtækisins en losun frá jarðvarma er stærsti einstaki losunarþátturinn í starfsemi Landsvirkjunar. Lág vatnsstaða í lónum vatnsaflsstöðva ásamt aukinni eftirspurn eftir raforku á fyrri hluta ársins gerði það að verkum að raforkuvinnsla frá jarðvarma var meiri en fyrri hluta ársins 2021. Losun frá lónum jókst um 8% á milli ára en sú losun ræðst af fjölda þeirra daga sem lónin eru ísilögð.

Losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis minnkaði um 3% á milli ára en Landsvirkjun vinnur markvisst að því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreinorku á bifreiðum og tækjum í eigu fyrirtækisins.

Losun á orkueiningu fyrri hluta ársins var 3,3 gCO₂íg/kWst og jókst um 7% frá sama tímabili árið áður. Kolefnisspor á orkueiningu var 0,82 gCO₂íg/kWst og jókst um 40% á milli ára.

Forðuð losun vegna raforkuvinnslu Landsvirkjunar á fyrri hluta ársins nam um 1,6 milljónum tonna CO₂-ígilda og jókst um 13% á milli ára.

↓ Helstu niðurstöður

Kolefnisspor

5.870 tonn CO₂-íg ↑47%

Kolefnisspor á orkueiningu

0,82 g CO₂-íg/kWst ↑40%

Losun gróðurhúsalofttegunda

23.745 tonn CO₂-íg ↑12%

Losun á orkueiningu

3,3 g CO₂-íg/kWst ↑7%


Kolefnisbinding

17.875 tonn CO₂-íg ↑4%

Forðuð losun

1.597.101 tonn CO₂-íg ↑13%

Breyting frá sama tímabili árið 2021



Kolefnisspor fyrstu sex mánuði ársins

1. janúar – 30. júní 2022

Umfang 1 (t CO ₂ íg)	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting frá 2021
Jarðvarmi	20.402	16.118	15.326	15.774	17.977	14%
Lón (CH ₄)	1.801	2.896	1.836	1.751	1.892	8%
Eldsneyti	252	216	176	191	185	-3%
Rafbúnaður	136	16	0	15	0	-100%
Samtals umfang 1	22.592	19.246	17.337	17.732	20.055	13%
Umfang 2 (t CO₂íg)						
Keypt rafmagn og hiti	6,4	4,2	5,7	4,5	5,2	15%
Samtals umfang 2	6,4	4,2	5,7	4,5	5,2	15%
Umfang 3 (t CO₂íg)						
Áburður	413	479	619	684	815	19%
Eldsneyti	122	94	72	73	77	5%
Ferðir starfsfólks til og frá vinnu	59	47	35	54	54	0%
Flug erlendis	174	158	24	0	33	100%
Flug innanlands	129	83	27	30	49	65%
Framkvæmdir	3.157	1.638	211	165	47	-71%
Dreifing raforku	1.215	717	1.131	964	964	0%
Úrgangur	18	14	22	30	42	40%
Samtals umfang 3	5.286	3.231	2.140	2.001	2.083	4%
Utan umfanga (t CO₂íg)						
Lón (CO ₂)	1.483	2.479	1.514	1.438	1.566	9%
Eldsneyti (CO ₂)	12	22	16	27	36	33%
Samtals utan umfanga	1.495	2.500	1.529	1.465	1.602	9%
Heildarlosun (t CO₂íg)	29.380	24.981	21.012	21.202	23.745	12%
Kolefnisbinding (t CO₂íg)	-15.643	-15.950	-16.500	-17.200	-17.875	4%
Kolefnisspor (t CO₂íg)	13.737	9.031	4.512	4.002	5.870	47%
Orkuvinnsla (GWst)						
Jarðvarmi	537	536	572	467	642	38%
Vatnsafl	6.555	6.628	6.246	6.388	6.557	3%
Vindorka	1,5	3,3	3,7	3,2	2,9	-9%
Heildarorkuvinnsla	7.094	7.167	6.822	6.857	7.201	5%
Losun á orkueiningu (g CO₂íg/kWst)	4,1	3,5	3,1	3,1	3,3	7%
Kolefnisspor á orkueiningu (g CO₂íg/kWst)	1,9	1,3	0,66	0,58	0,82	40%

Hvernig gerum við hálfársuppgjör loftslagsbókhalds?

Útgáfa hálfársuppgjör loftslagsbókhalds er liður í upplýsingagjöf okkar um framgang loftslagsáætlunar Landsvirkjunar og hvernig okkur miðar áfram í átt að metnaðarfullum markmiðum um kolefnishlutleysi og samdrátt í losun. Hálfársuppgjör gefur okkur ákveðnar vísbendingar um heildarlosun ársins, en hún er tekin saman í lok árs, rýnd og staðfest af óháðum endurskoðendum og gefin út í árlegu loftslagsbókhaldi fyrirtækisins.

Við vinnum loftslagsbókhald út frá aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHGP), sem er leiðandi alþjóðlegur fyrirtækjastaðall fyrir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda. Upplýsingar um losun fyrirtækisins streyma frá ólíkum uppruna í loftslagsmælaborð fyrirtækisins og eru rýndar ársfjórðungslega.

Í [loftslagsbókhaldi ársins 2021](#) má sjá nánari upplýsingar um það hvernig við gerum loftslagsbókhald. Losunarstuðlarnir á bak við losunarupplýsingar koma frá [Umhverfisstofnun, Bretlandi](#) og Loftslagsbókhaldi Íslands (National Inventory Report) og eru þeir meðal þess sem ytri endurskoðendur taka út árlega.

Árlegt mat á forðaðri losun vegna orkuvinnslu okkar er hluti af upplýsingagjöf grænnar fjármögnunar. Áætluð forðuð losun vegna lágs kolefnisspors raforkuvinnslu okkar byggir á stuðlum sem gefnir eru út af IFI (International Financial Institution) og skiptingu raforkusölu milli stórnotenda og heildsölu á fyrri helming ársins. Notast er við viðmiðið 226,4 gCO₂íg/kWst, en nánari upplýsingar um aðferðafræði þessara útreikninga má finna í [árlegri skýrslu](#) um ráðstöfun grænna fjármuna og áhrif grænnar fjármögnunar frá árinu 2021.

